

LAGANEFND LH

Laganefnd hefur tekið til meðferðar erindi sem barst frá stjórn LH með tölvupósti hin 8. desember 2022. Óskað er eftir álitni laganefndar á eftirfarandi:

Beiðni stjórnar LH um álit á túlkun keppnisnefndar á gr. 7.7.2, sem er svohljóðandi:

„Keppandi í barna- unglunga og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur“.

Er óskað eftir álitni laganefndar á því hvernig túlka beri þessa reglu þegar á sama móti er keppt í hvoru tveggja gæðingakeppni og íþróttakeppni.

I. Málavextir

Málavextir eru þeir að þann 22 – 25 júlí 2021 var haldið opið Gæðingamót á Flúðum. Samkvæmt auglýsingu sem birt var á vefmiðlum var mótið auglýst sem opið gæðingamót með hefðbundnu sniði. Í boði voru A flokkur og B flokkur gæðinga í opnun flokki, áhugamanna flokki og ungmenna- unglunga- og barnaflokki og tölt T3 í sömu aldurshópum.

Á mótinu barst yfirdómara fyrirspurn frá knapa í fullorðinsflokki, hvort hann mætti keppa á hesti í í töltkeppni T3 fullorðinna, sem einnig væri skráður í gæðingakeppni barnaflokki á sama móti. Eftir skoðun var það niðurstaða yfirdómara að þetta væri heimilt og var keppt á sama hesti í gæðingakeppni í barnaflokki og í töltkeppni T3, fullorðinna.

Óskað var eftir álitni keppnisnefndar á ofangreindu, sem komst að þeirri niðurstöðu á fundi sínum þann 2. nóvember 2021, að þetta væri óheimilt með vísan til gr. 7.7.2.

Regla 7.7.2 sem er í kafla 7 laga LH, sem fjallar um gæðingakeppni er svohljóðandi:

Keppandi í barna- unglunga- og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu keppnisnefndar LH, sendi formaður gæðingadómarafélags LH (**GDLH**), erindi til stjórnar LH og bar upp eftirfarandi spurningar, sem orðrétt voru svohljóðandi:

„Mínar spurningar eru þessar

Er hægt að úrskurða eins og keppnisnefnd hefur gert nú án þess að skýrt sé um það kveðið í lögum að þetta sé bannað?

Regla 8.2.3. fjallar um útbúnað knapa, í henni er tekið fram að pískur sé bannaður á mótssvæði í gk í þeim greinum sem að hann er ekki leyfður.

Hvernig má það vera að ef mót er auglýst sem íþróttamót og keppt væri í gk á sama móti þá er ekkert sem að fjallar um það að hestur í barnaflokki í fjórgangi megi ekki keppa í B-flokki á sama móti? Þarna er annað atriði sem að stangast á, þó svo að þetta bæri talið sama mótið.

Fyrst að gæðinga og íþróttamót er álitid eitt mót af því að það er auglýst og kynnt sem Gæðingamót er þá ekki þískur bannaður í töltkeppni til þess að framfylgja reglum í kafla 7 og reglu 8.2.3. í viðauka ? Þær reglur stangast verulega á.“

Í erindi formanns GDLH, kemur fram að það sé sent til að fá

„endanlegt álit á þessu máli til framtíðar varðandi mót sem að haldin eru með þessum hætti, eins og ég og fleiri skiljum þetta er afar hæpið að banna slíka þátttöku þar sem að engin lög taka skýrt fram um það, önnur en regla 7.7.2 sem að samþykkt á Landsþingi 1979.“

II. Álit laganevndar:

Það er ekki hlutverk laganevndar að vera úrskurðaraðili varðandi mögulegt brot á lögum og reglum LH, til þess eru aðrar stofnanir innan LH og ÍSí, svo sem aganevnd LH og dómstóll ÍSí. Laganevnd getur ekki kveðið upp úrskurð eða dóm um það hvernig rétt sé að ráða tilteknu ágreiningsatriði til lykta.

Laganevnd getur á hinn bóginn gert grein fyrir þeim reglum sem gilda um einstök álitaefni með hlutlægum hætti og upplýst um hvernig þeim hafi verið beitt.

Með vísan til ofangreinds telur laganevnd að hún geti upplýst um þær reglur sem gildi um það álitaefni sem hér er til umfjöllunar án þess að taka efnislega afstöðu til þess hver eiginleg niðurstaða varðandi þetta tiltekna atvik skuli vera. Hafi menn viljað fá niðurstöðu um það, þar þeim að vísa álitaefninu til aganevndar, eða eftir atvikum dómstóls ÍSí.

Laganevnd er ekki kunnugt hvenær regla 7.7.2. kemur inni lög um gæðingakeppni í núverandi mynd. Á árinu 1981 var lögð fram og samþykkt tillaga gæðinga- og unglínganevndar sem þingskjal nr. 10, að breytingu á keppnisreglum í unglíngaflokki í gæðingakeppni sem var svohljóðandi:

Unglingur má ekki mæta til keppni með hross sem, tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni það sjálfur.

Það virðist því ekki vera rétt sem fram kemur í erindi formanns GDLH, að reglan þessi hafi komið inni lögin á árinu 1979 en ekki er að sjá að fjallað hafi verið um þessa reglu á því á því landsþingi. Engin greinargerð fylgdi breytingartillögunni 1981, með skýringum á því hvers vegna þörf væri á þessari breytingu á lögnum. Ekki er þó ólíklegt að þessari breytingartillaga hafi verið sett til að jafna leika í keppni í barna-, unglínga- og ungmennaflokki, þannig að ekki væri keppt á hestum í þessum flokkun sem einnig væri keppt á í fullorðinsflokkum á sama móti.

Ekki er sambærileg regla í lögum LH varðandi íþróttakeppni, reyndar kemur þar fram gagnstæð regla, sbr. 5. mgr. gr. 8.1.1, þar sem kveðið er á um það að á sama móti megi keppa á sama hesti í sömu keppnisgrein ef það er í mismunandi aldursflokkum, en reglur þessar eru í 8. kafla laga LH, sem fjallar um íþróttakeppni. Gr. 8.1.1. (löglegir hestar) er svohljóðandi:

“Hreinræktaðir íslenskir hestar, fimm vetra og eldri eru löglegir í keppni. Sönnunar er krafist í formi upprunavottorðs eða samsvarandi vottorðs frá viðkomandi landi. Miðað er við 1. janúar fæðingarárs við mat aldurs.

Á heimsmeistaramótum skulu hestar vera minnst 6 vetra gamlir.

Fimm vetra gamall hestur má einungis hefja keppni tvisvar sama daginn en má ekki taka þátt í kappreiðum eða víðavangshlaupi (Gæðingaskeið og 100 m skeið teljast ekki kappreiðar). Sex vetra hestur má hefja keppni þrisvar á einum degi. Sjö vetra og eldri hestur má hefja keppni fjórum sinnum á dag.

Forkeppni og úrslit teljast vera „hafin keppni“. Í gæðingaskeiði, 100m skeiði og kappreiðum (250m og 150m) teljast 2 sprettir vera ein hafin keppni.

Sama hesti er heimilt að hefja keppni oft en einu sinni á sama móti í sömu keppnisgrein, ef það er í mismunandi aldursflokkum.

Mótshaldarar skulu sannreyna með aflestri örmerkis að skráður hestur sé mættur til keppni.

Athugið: Það er mótshaldara að fylgjast með að þessari reglu sé framfylgt. Hafi knapi hunsað regluna og lokið keppni skal dæma knapann úr keppni í þeirri grein. „

Samkvæmt núgildandi reglum LH er staðan því þannig að á gæðingamóti er ekki heimilt að barn, unglingur eða ungmenni mæti með hest til keppni sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur, samanber gr. 7.7.2. Sé mót íþróttamót, er heimilt að keppt sé á sama hesti oft en einu sinni á sama móti (og í sömu keppnisgrein ef það er í mismunandi aldursflokkum), samanber gr. 8.1.1. Gæta þarf þó að reglum um hversu oft hestur má hefja keppni á sama degi. Þannig má 5 vetra gamall hestur t.d. einungis hefja keppni tvisvar sama daginn. Fimm vetra gamall hestur gæti því ekki hafið keppni tvisvar sinnum í gæðingakeppni og tvisvar sinnum í íþróttakeppni (alls fjórum sinnum) sama daginn.

Spurning er þá hvernig skýra skuli reglu 7.7.2 þegar haldin eru hestaíþróttamót, þar sem keppt er í flokkum sem hvorutveggja fara eftir reglum um gæðingakeppni og reglum um íþróttakeppni, líkt og átti við um mót það sem haldið var á Flúðum sumarið 2021 og á við um önnur mót, líkt og t.d. landsmót, en á landsmóti er keppt í tölti sem fer samkvæmt reglum um íþróttakeppni. Reyndar á einnig að keppa í fjörgangi og fimmgangi á landsmóti sem haldið verður 2022.

Við skýringu á beitingu gr. 7.7.2 telur laganefnd nærtækast að líta til orðalags ákvæðisins, sem er afdráttarlaust um það, að ekki megi mæta með hest í barna-, unglinga, eða ungmennaflokk sem tekur þátt í öðrum keppnisgreinum **á sama móti**, nema viðkomandi barn, unglingur eða ungmenni sýni hestinn sjálfur í þeim keppnisgreinum.

Orðalag ákvæðisins gerir þannig ekki greinarmun á því í hvaða flokkum kann að vera keppt í á viðkomandi móti, um eitt mót sé að ræða eftir sem áður, þó svo að þeir flokkar sem keppt er í á mótinu geti fallið undir annarsvegar reglur og gæðingakeppni og hinsvegar reglur um íþróttakeppni.

Eins skiptir ekki máli hvort mót er auglýst sem gæðingamót (líkt og mótið á Flúðum) og keppt í hvoru tveggja gæðinga- og íþróttakeppni, eða hvort það er auglýst sem íþróttamót og keppt í hvoru tveggja gæðinga- og íþróttakeppni. Í báðum tilvikum er um eitt mót að ræða í skilningi laganefndar.

Erindi formanns GDLH fylgdu nokkrar spurningar sem svarað er hér að neðan.

„Er hægt að úrskurða eins og keppnisnefnd hefur gert nú án þess að skýrt sé um það kveðið í lögum að þetta sé bannað?“

Svar laganefndar: Keppnisnefnd virðist byggja álit sitt á orðlagi gr. 7.7.2. Bannregla ákvæðisins tekur til þess að keppandi í barna-, unglunga og ungmennaflokki megi ekki mæta með hest í keppni sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins.

Auglýst hestaípróttamót, hlýtur ávallt að vera eitt mót í skilningi ákvæðisins, burtséð frá því í hvaða flokkum keppt kann að vera í á viðkomandi móti. Laganefnd fær því ekki séð annað en að löggin sé skýr um það að þetta sé óheimilt.

„Regla 8.2.3. fjallar um útbúnað knapa, í henni er tekið fram að pískur sé bannaður á mótssvæði í gk í þeim greinum sem að hann er ekki leyfður.“

Svar laganefndar: Hér viðist ekki vera um beina spurningu að ræða og er þessu því svarað hér að neðan.

„Hvernig má það vera að ef mót er auglýst sem ípróttamót og keppt væri í gk á sama móti þá er ekkert sem að fjallar um það að hestur í barnaflokki í fjórgangi megi ekki keppa í B-flokki á sama móti? Þarna er annað atriði sem að stangast á, þó svo að þetta bæri talið sama mótið.“

Svar laganefndar: Hvort sem hestaípróttamót er auglýst sem ípróttamót eða gæðingamót, þá er ekkert í lögum LH sem leggur bann við því að hestur sem keppt hefur verið á í fjórgangi í ípróttakeppni í barnaflokki, keppi með öðrum knapa í B-flokki gæðinga á sama móti í **fullorðinsflokki**. Ekki væri þó heimilt að keppa á hestinum í barna-, unglunga eða ungmennaflokki sbr. reglu 7.7.2.

Á sama hátt er það heimilt að hestur sem keppir í fjórgangi eða fimmgangi í ípróttakeppni, mæti á sama móti með öðrum knapa til keppni í **fullorðinsflokki** í A- eða B-flokki gæðinga. Ekki væri þó heimilt að keppa á hestinum í barna-, unglunga eða ungmennaflokki sbr. reglu 7.7.2.

Ekki er því að sjá að það sé neitt ósamræmi í þessum reglum eða þær stangist beinlínis á.

Tilgangur ákvæðis 7.7.2. virðist eins og að ofan greinir vera sá, að jafna leika í barna-, unglunga- og ungmennaflokki, því mælir hún fyrir um að óheimilt sé heimilt að keppa á hesti sem tekur þátt í öðrum flokkum með öðrum knapa á sama móti.

„Fyrst að gæðinga og ípróttamót er álitid eitt mót af því að það er auglýst og kynnt sem Gæðingamót er þá ekki pískur bannaður í töltkeppni til þess að framfylgja reglum í kafla 7 og reglu 8.2.3. í viðauka ? Þær reglur stangast verulega á.“

Svar laganefndar. Töltkeppni, hvort sem hún fer fram á gæðingamóti eða ípróttamóti, fer samkvæmt reglum um ípróttakeppni, enda eru ekki í lögum LH sérstök

ákvæði um töltkeppni sem fram fer á gæðingamóti. Samkvæmt reglum um íþróttamót er heimilt að vera með þísk í töltkeppni. Laganefnd fær því ekki séð hvaða reglur stangist hér á.

Reykjavík 1. mars 2022

Laganefnd LH.